

3. maí 2011

Fundur nr. 52

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 3. maí 2011 kl. 19:30 í félagsmiðstöðinni Vogum.

Mættir eru: Björn G. Sæbjörnsson, Kristján Árnason, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir og Inga Sigrún Atladóttir (framkvæmdastjóri).

1. Skráning fundagerðar nr. 49

Framkvæmdastjóra falið að athuga skráningu fundagerðar númer 49.

2. Þjálfaramál

Eðvarð mætir á næsta stjórnarfund. Framkvæmdarstjóri sendir þjálfarasamning á alla meðlimi stjórnarinnar.

3. Farið yfir fundagerð síðasta fundar

Athugasemir gerðar við síðustu fundagerð en hún á að vera númer 51 en ekki 50. Í 6. lið fundagerðarinnar, önnur málefni, á umræddur flokkur að vera meistaraflokkur UMFÞ en ekki 2.-3. flokkur. Þessar villur hafa verið leiðréttar.

4. Samanburður á framlögum til Íþróttafélaga

Á fundinum átti að ræða um samanburð á framlögum til íþróttafélaga frá bæjarfélögum í kringum Voga. Málefningu var frestað.

5. Afmæli þróttar

Framkvæmdarstjóra var falið það verkefni að athuga með styrki frá UMFÍ og sveitafélaginu Vogum. Einnig var rætt um að stjórn þróttar myndi skipa afmælisnefnd sem fær það hlutverk að sjá um allann afmælisundirbúning.

6. Önnur málefni

Sandra lagði til að í upphafi hvers skólaárs, áður en íþóttaiðkun hefst, verði haldinn einskonar íþróttadagur. Börnum og foreldrum þeirra væri velkomið að koma í opið hús í íþróttahúsinu þar sem þjálfarar allra íþróttagreina væru saman komnir til að taka á móti börnunum og kynna þau fyrir hinum ýmsu íþróttagreinum sem þróttur býður uppá. Börnin geta þannig fengið að prufa hinar ýmsu íþróttir. Hugmyndin er að vekja upp áhuga hjá börnunum og hjálpa þeim að finna íþrótt við sitt hæfi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:00